

Yfirlýsing um forsendur og frelsi háskóla

Hlutverk háskóla

Hlutverk háskóla er að skapa skilyrði til frjálsrar þekkingarleitar, -sköpunar, -varðveislu, og -miðlunar á sviði vísinda, fræða og lista. Með starfsemi sinni þjóna þeir fræðunum og langtímahagsmunum samfélagsins.

Háskólar miðla þekkingu til samfélagsins og efla einstaklinga til þroska og sjálfstæðis. Þeir eru vettvangur gagnrýnninna vinnubragða og öflunar og úrvinnslu nýrrar þekkingar. Í þeim mætast straumar alþjóðlegra hugmynda og í ljósi þeirra er menningararfur rannsakaður, varðveittur og efldur.

Háskóli er samfélag þar sem menn geta óhræddir rætt á gagnrýnnin hátt um hvaðeina sem leitar á hugann.

Akademískt frelsi

Háskólum ber að standa vörð um akademískt frelsi sem felur m.a. í sér að einstaklingur geti stundað rannsóknir, kennslu, eða nám án óeðlilegrar íhlutunar laga, stofnana, eða félagshópa. Sá sem nýtur akademíksks frelsis getur leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína án þess að eiga á hættu að það bitni á starfsöryggi hans eða öðrum mikilvægum hagsmunum.

Akademískt frelsi háskólakennara felur í sér rétt hans til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem hann telur skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Það felur í sér rétt til að meta árangur nemenda á faglegum forsendum, í samræmi við þá stefnu sem deild eða háskólastofnun hefur samþykkt. Akademískt frelsi nemenda felur í sér rétt til að velja námsgrein, komast að eigin niðurstöðum og tjá skoðun sína.

Akademískt frelsi til rannsókna felur í sér rétt til að velja viðfangsefni og aðferðir. Það felur í sér rétt og skyldu til að birta niðurstöður opinberlega, hverjar sem þær kunna að vera, svo framarlega sem rannsóknin stenst kröfur faglegs jafningjamats.

Akademískt frelsi í háskólasamfélagi felur í sér rétt háskólamanna til að gagnrýna stefnu og starfshætti stofnunar sinnar. Það felur í sér borgaralegan rétt til tjánings og þátttöku í stjórn- og félagsmálum utan háskólans, án þess að það bitni á árangursmati, framgangi, eða starfskjörum.

Akademísku frelsi einstaklings fylgir sú ábyrgð að hann starfi af heilindum og gangist undir fræðileg viðmið og taki þátt í mótu þeirra með sannleikann að leiðarljósi. Því fylgir sú skylda að forðast að eigin hagsmunir hafi áhrif á rannsóknarniðurstöður. Akademískt frelsi starfsmanns dregur ekki úr ábyrgð hans á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum stofnunar sinnar.

Stjórnun

Ákvarðanir um tilhögun rannsókna og kennslu á vegum háskóla skulu vera óháðar afskiptum þeirra sem eiga skólann eða veita honum fé. Akademískt frelsi er í hættu ef framlög til háskóla eru ákveðin til skamms tíma í senn, eða eru bundin þróngum skilyrðum. Tryggt skal að akademískir starfsmenn taki þátt í mótn og skipulagi fræðilegrar starfsemi á jafningjagrundvelli.

Stjórnendum háskóla verður að vera unnt að halda uppi gæðum í starfsemi skólans. Því er nauðsynlegt að háskólar stjórní sjálfir ráðningarmálum sínum, innan eftirfarandi marka:

- (1) Háskólar hafi ferli sem tryggir að þar veljist til starfa þeir sem hæfastir eru hverju sinni. Upplýsingar um skyldur og réttindi starfsmanna skulu vera skriflegar og aðgengilegar frá upphafi ráðningar.
- (2) Ákvarðanir um ráðningu eða framgang akademískra starfsmanna skulu ekki tekna fyrri en að afloknu hlutlægu matsferli, þar sem byggt er á faglegu mati en ekki persónulegu. Mat á hæfni og frammistöðu starfsmanns skal meðal annars taka mið af álíti óháðra fagaðila utan viðkomandi háskóla. Almennar upplýsingar um ferli ráðningar og framgangs skulu vera skjalfestar og opinberar.
- (3) Akademískum starfsmönnum má ekki segja upp nema hlutlægar ástæður krefjist. Upplýsingar um skilyrði og ferli uppsagna skulu kynntar rækilega fyrir starfsmönnum.

Fjárhagur

Háskólum verður að vera gert fjárhagslega mögulegt að sinna hlutverki sínu, meðal annars með því að mega skapa sér sína eigin tekjustofna og ákveða sjálfir hvernig þeir ávaxta sjálfsaflafé sitt eða ráðstafa því.

Háskólum skal vera frjálst að stofna fyrirtæki sjálfüm sér til hagsbóta vegna þjónustu sem háskólinn þarf sjálfur á að halda vegna starfsemi sinnar.

Það er hlutverk ríkisvaldsins að tryggja jöfn tækifæri til náms, án mismununar af nokkrum tagi.

Reykjavík, 15. júní 2005

Páll Guðmundsson
Rannsóknar
Ólafur Ólafsson
Guðfinn Þórmarsdóttir

Hljálmur Þorsteinsson
Síðasti Starfsmenn
Vagnheiði Þórhóttar
þórdís Þórhóttar